

Skólaráð

Skólaráð 1. mars 2016

48. fundur

Fundur settur kl. 8.10

Mætt voru: María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra, Heiða Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra og Mjöll Flosadóttir í stað fjarveru Kristínar Thoroddsen formanns Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúa grenndarsamfélags, Þórður Skúlason og Þorbjörg Guðmundsdóttir fjarverandi vegna ferðar að Laugum.

Efni fundarins:

1. Skóladagatal
2. Nemendakannanir
3. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og fór yfir dagskrá hans.

Skóladagatal: Skólastjóri fór yfir skóladagatalið. Hún vakti athygli á því að í vikunni 8. – 12. Ágúst eru dagarnir ætlaðir til námskeiðahalds. Skipulagsdagar eru ákvarðaðir miðlægt þannig að allir grunnskólar í Hafnarfirði eru með skipulagsdaga á sama tíma sem og jafnframt leikskólarnir. Býður upp á samstarf á milli skóla og skólastiga. Skólastjóri fór yfir breytingar á samræmdum könnunarprófum. 4. og 7. bekkjar prófin lögð fyrir í september en ekki sömu dagana. Prófin í 9. og 10. bekk verða að vori. Mikil umræða var um 10. bekkinn og að komandi 10. bekkingar hefðu átt að taka prófið að hausti svo hægt væri að nýta niðurstöður þeirra yfir skólaárið. Þau verða tekin rafrænt. Farið var yfir dagatöl allra stiga og bent á að helsti munur á þeim væru skertu dagarnir sem eru aðeins ólíkir eftir þeim. Næsta skólaár erum við að taka inn nýtt umhverfi í Mentor og breyttar áherslur í námsmati í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Ákveðið var að færa námsmatið í unglíngadeilda aftur yfir í janúar. Of mikið álag á alla

Skólaráð

að hafa það í desember líkt og var gert skólaárið 2015 – 2016. Rætt var um vordagana og að það væri tilhneiging til að þeir væru ekki alltaf mjög innihaldsríkir en líka bent á að nemendur eru líka að læra af dögum þar sem skólastarfið væri brotið upp og nálgast væri námsefnið með öðrum hætti. Skólastjóri ræddi að skóladagatöl væru með svipuðu sniði í öðrum skólum.

Ræddum samtalsdagana og fyrirkomulag þeirra. Einhugur um að halda þeim með því sniði sem þeir eru. Í kjölfarið var rætt mikilvægi þess að opna fyrir viðtölin inn á Mentor á sama tíma og að allir kennarar sendi upplýsingar til foreldra um það.

Nemendakannanir: Skólastjóri fór yfir nemendakönnun Skólapúlsins. Samtals svöruðu 92,6% nemenda í 6. – 10. bekk. Farið var yfir ákveðna þætti. Virkni nemenda var skoðuð og voru þrír þættir þar sem okkar nemendur skoruðu mjög hátt en það er þrautsegja í námi, trú á eigin námsgetu og vinnubrögð í eigin námi. Í liðnum líðan og heilsa vorum við undir varðandi einelti en yfir í sjálfáliti og að hafa stjórn á eigin lífi. Nemendum finnst þau hins vegar ekki fá nógu hollan mat en hreyfa sig mjög mikið. Skóla- og bekkjarandi; höfum verið með hópa þar sem fáar stelpur eru hafa þær í sumum tilvikum átt erfitt með að samasama sig hópnum. Höfum viljað leggja áherslu á að árgangurinn vinni með hópinn sem heild. Við þurfum að skoða hvað hægt er að gera til úrbóta. Höfum velt mikið fyrir okkur varðandi samband nemenda við kennara og virka þátttöku nemenda í tímum þar sem við erum undir landsmeðaltali. En nemendum finnst heimanám mikilvægt og eru ánægð með aga í tímum. Erum undir varðandi ánægju af lestri. Skoðuðum spurningarnar sem liggja að baki. Kemur fram úrtaksskekkja þar sem ójafnt er valið úr hópnum. Þurfum að fylgjast með því. Erum yfirleitt yfir varðandi stærðfræði en undir landsmeðaltali í náttúrufræði. Það er þáttur sem við þurfum að skoða innan skólans. Veltum fyrir okkur hvort nemendur sem hafa mikið verið í útikennslu tengi það við náttúrufræði.

Önnur mál: Tölvukostur skóla var kannaður af hálfu bæjarins og í kjölfar þess erum við að fá betri tölvubúnað og skjávarpa í skólann. Spurt var um Þórsmörk og dagskrána þar og möguleika á hvort hægt væri að koma með tillögur að því sem gert

Skólaráð

er. Hvöttum við til þess að nemendur leggi fram hugmyndir sínar og ræði við kennararna.

Ánægja var með fréttapistilinn sem sendur var frá skólanum fyrir jól. Stefna skal að því að senda pistil fyrir páska.

Fundi slitið kl. 09:30

Fundarritari: Sif Stefánsdóttir